



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Hlíð

2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



1 Innihald

Leiðarljós leikskólans.....	4
2 Greinargerð leikskólastjóra	4
3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	6
3 Innra mat Laka.....	8
Innra mat á Baulu	10
Innra mat Grábrókar.	12
Innra mat á Keili	14
<i>4 Mat á sérkennslu í leikskólanum Hlíð í Rvk. veturinn 2020-2021.....</i>	<i>20</i>
5 Innra mat – fjöltyngd börn	22
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	23
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	23
8 Foreldrasamvinna.....	23
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal.....	24
10 Fylgigögn	24
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs.....	24



Leiðarljós leikskólans

2 Greinargerð leikskólastjóra

Og lífið heldur áfram þrátt fyrir Covid.

Enn eitt skólaárið að baki og ekki laust við að það hafi verið viðburðaríkt, öðruvísi og hlaðið óþægilegri og ósýnilegri spennu. Að loknu langþráðu sumarleyfi komu margir uppfullir af Íslandi, íslenskri náttúru og búnir að uppgötva og skoða nýja staði á landinu.

Okkur gekk vel að manna skólann með góðu fólki og vorum búin að aðlaga nýju börnin í annarri viku september.

Það lá fyrir, eftir samþykktu kjarasamninga stéttarfélaganna, að frá 1.janúar 2021 væri vinnuvikan 36 stundir. Leikskólunum, stafsfólkinu/fulltrúum fá hverju stéttarfélagi, sem eru þrjú í Hlíð, var falið að finna þá útfærslu sem hentaði okkar skólastarfi best. Þarna komu strax margar skoðanir og voru ræddar allskonar útfærslur. Að endingu var kosið um þrjár tillögur og sú leið að fara 3 + 1 var valin. Allir gætu farið út af vinnustaðnum 3 tímum fyrr einu sinni í viku og geymt einn tíma og þar með lengt sumarfríið. Við byrjuðum þessa vegferð fyrsta janúar 2021. Þetta gekk þokkalega fyrsta mánuðinn þrátt fyrir mikla vinnu og mikið skipulag.

Stytting vinnuvikunnar var eitt og sér verkefni. Einnig þurfti að passa inn í aukinn undirbúningstíma deildarstjóra, undirbúning starfsfólks í öðrum stéttarfélagum á deildunum sem falin eru verkefni í dagskipulaginu, launuð námsleyfi starfsfólk auk veikinda sem hafa reyndar verið minni en áður.

Í stuttu máli þegar er komin 6 mánaða reynsla á þessa framkvæmd sem var ekkert smáræði og við stjórnendur fengum eiginlega í fangið, er margt sem maður staldrar við; Hvað voru rekstraraðilar og stéttafélögin að hugsa? Að þetta kæmi ekki niður á neinum í þeim stormi sem hefur verið undanfarin ár hvað varðar manneklu og veikindi starfsfólks. Deildarstjórar hafa haldið uppi faglegu starfi í skólunum við væga sagt erfiðar aðstæður hvað varðar aðbúnað og starfsumhverfi. Þessi breyting kostar peninga eins og heilbrigðisráðuneytið hefur viðurkennt með þær stofnanir sem eru undir því ráðuneyti.

Það er því alveg ljóst að þarna erum við á ansi gráu svæði hvað varðar að brjóta á börnum og starfsfólki.

Þessi vetur einkenndist af sóttvarnarreglum ráðuneytanna og okkar starfsemi tók öll mið af því hverju sinni. Segja má að stafsfólk skólanna hafi tekið öllum þessum breytingum af miklu æðruleysi og sveigjanleika. Staðráðin í að halda okkar striki og halda í gleðina sem stundum var nauðsynlegt afl að hafa með í farteskinu þegar covid fréttirnar voru að kæfa okkur og óvissuþættirnir margir.



Starfsfólk Hlíðar vann þétt saman og gerði þennan tíma okkur léttari. Einnig tóku foreldra mikla ábyrgð á sínum sóttvörnum og má segja að öll höfum við unnið vel saman.

Ég er svo stolt af okkar fólki í Hlíð!

Við höldum okkar hefðir og hátíðir í hávegum með breyttu sniði. Unnum áfram með félagsfærnina og verkefnið Blæ. Við unnum með verkefni frá landlæknisembættinu Heilsueflandi leikskólar, tókum þátt í Barnamenningarhátíð og vorum dugleg að grípa tækifærin sem gáfust til að hafa gaman saman. Við tókum þátt í rafrænum námskeiðum og hlýddum á fyrirlestra auk þess að taka þátt í stóra skipulagsdeginum.

Upp úr áramótum fór umræða um bóluefni og bólusetningar af stað og hverjir ættu að vera í forgang. Í Hlíð er aldursbilið 18 – 65 og starfsfólk eðlilega að fara á mismunandi tímum í bólusetningu með mismunandi bólefnum.

Fyrir sumarlokun 15.júlí voru allir fullbólusettir í leikskólanum Hlíð.

Þess má geta að 3 börn fæddust á þessu skólaári í starfsmannahópnum og von er á öðrum þrem fyrir árslok 2021. Mikið barnalán í okkar starfsmannahóp.

Nú er skólaárið 2021 -2022 framundan og við starfsfólk skólans komin með hugann þangað. Við förum inn í þetta ár með mikla reynslu í farteskinu hvað varðar þolinmæði, þrautseigju og æðruleysi. Þessi vetur verður öðruvísi, það er öruggt! Ég vona að þetta covid fár hafi sýnt okkur að leikskólinn snýst um börn. Að við hlúum vel að börnum í leikskólum Reykjavíkur og höfum þau í fyrsta sæti þegar mikilvægar ákvarðanir eru teknar sem snerta velferð þeirra og vellíðan.

Það er ljóst að árið 2021 verður síðasta árið mitt sem leikólastjóri. Ég mun láta af störfum áramótin 2021 – 2022. Það er margt sem fer í gegnum hugann þegar horft er til baka.

Fyrst og fremst er ég stolt af leikskólanum mínum Hlíð, áður Sólhlíð og Hlíðaborg, sem eiga sér svo merkilega sögu sem vert er að varðveita. Ég vona að einhver taki það að sér að skrá og varðveita sögu dag- og spítalaheimilanna sem voru opin fram á kvöld. Þar fengu giftir heilbrigðisstarfsmenn 8 – 9 stunda vistun og var opið á laugardögum. Þess má geta að leikskólinn við Klepp var einungis lokaður á Jóladað og Nýársdag.

Að lokum er ég svo þakklát að hafið valið mér þetta ævistarf og fengið að kynnast og vinna með hundruðum af frábæru samstarfsfólki, meðal annars fyrrverandi nemendum. Auk þess hundruðum eða þúsundum fjölskyldna sem hafa verið mér samferða í leikskólalífinu.



3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)



Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Uppeldis- og menntastarf							
Mannauður/ Leikskólabragur							
Innra mat							



3 Innra mat Laka

UMBÓTA-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Matsaðferð	Viðmið um árangur
Félagsleg samskipti	Að auka jákvæð og bætt samskipti barna á deildinni.	Unnið verður með vináttu-verkefni Barnaheilla 1x í viku í smærri hópum.	Allt starfsfólk ber ábyrgð á að tileinka sér jákvæð samskipti og eru fyrirmyndir barnanna þar að lútandi. Deildarstjóri leiðir hópavinnu og útdeilir verkefnum.	Sept.	Apr.	Símat. Hópastarf er endurmetið 2x, 1x að hausti og 1x að vori.	Að börnin tileinki sér jákvæð samskipti þar sem gleði ríkir í hópnum og öllum líður vel. Börnin læra að nýta viðeigandi lausnir komi til árekstra.
Tilfinningar	Að bæta líðan barna og kenna þeim að takast á við tilfinningar.	Hópastarf 1x í viku. Unnið með Drekan inn í mér og annað efni tengt tilfinningu m.	Starfsmenn deildar, deildarstjóri ber ábyrgð á framkvæmd og skipulagningu.	Sep.	Apr.	Símat, hópastarf er endurmetið 1x að hausti og 1 x að vori	Að börnunum líð vel og að þau læri að stjórna tilfinningum sínum.
Læsi	Að festa málörvunar	Börnin fara í litla	Deildarstjóri skipuleggur	Apr.	Sep.	Metið á deildar-	Að málþroski barna á



	hópa á deild í skipulagi	málörvunar hópa á hverjum degi.	starfið allt starfsfólk ber ábyrgð á framkvæmd þess.			fundum. Staða barna skráð, skráningar barna notaðar til að meta framfarir. Öll börn skimuð með Efi 2 að hausti og aftur að vori.	deildinni taki eðlilegum framförum og að börnin geti notað málið sér til gagns.
--	--------------------------	---------------------------------	--	--	--	--	---

Starfið á Laka gekk almennt vel veturinn 2020-2021, þrátt fyrir ýmsar takmarkanir á skólahaldi vegna Covid 19 faraldursins. Foreldrasamstarf var mjög takmarkað, þeir tóku t.a.m. ekki þátt í neinum viðburðum í skólanum, foreldrafundir féllu niður og foreldraviðtöl voru ekki haldin fyrr en í mars 2021. Því mynduðust ekki sömu tengsl við foreldra og alla jafna gerist. Faglegt starf gekk hins vegar vel og voru umbótaþættir metnir á skipulagsdegi í maí af starfsfólki deildarinnar. Þeir þættir sem voru metnir voru félagsleg samskipti barna og læsi samkvæmt umbótaáætlun. Niðurstöður voru að þeir þættir sem sneru að læsi höfðu gengið mjög vel þetta skólaárið. Gerður var huggulegur leskrókur og voru börnin dugleg að skoða bækur alla daga. Það þarf þó að leggja meiri áherslu á að kenna þeim að fara vel með bækurnar. Börnin fóru í málörvun nánast á hverjum degi og sögu- og söngstundir voru líka í skipulagi á hverjum degi. Ljóst er að börnunum hefur farið mikið fram í hlustun og einbeitingu og eins eru þau duglegri að tjá sig, syngja og segja frá. Öll börnin voru skimuð með Efi2 veturinn 2020. Örfá börn komu ekki vel út úr skimun og var lögð áhersla á að veita þeim aukna málörvun í samráði við foreldra. Voru þau skimuð aftur vorið 2021. Vinna með vináttuverkefni Barnaheilla gekk ekki eins vel og þarf starfsfólk meiri þjálfun í að vinna með það efni. Börnin hafa þó lært grunnreglur í samskiptum og reyna flest þeirra að nota viðeigandi lausnir í ágreiningsmálum. Starfsfólk sýndi frumkvæði og var duglegt að leiðbeina þeim um jákvæð samskipti í daglegu starfi og leik. Á næsta skólaári verður haldið áfram að vinna með félagsfærni og læsi og að auki verður stefnt að því að taka inn skipulagt starf með líðan og tilfinningar.



Innra mat á Baulu

UMBÓTAÞÁTT UR/ MATSPÁTTUR	Tæki- færi til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferð ir?	Viðmið um árangur
Að efla skapandi starf	Að kynna börnin fyrir mismuna ndi áferðum, málningu og öðrum efnivið við sköpun	Að nýta sköpunarkraftinn í starfsfólkinu. Búa til hugmyndabanka svo allir geti tekið þátt.	Allt starfsfólk deildar- innar	Sept 2021	Júlí 2022	Samtöl starfsmanna á deildarfund- um	Áhersla á ferlið fremur en útkomuna. Að sjá gleðina sem felst í að elta hugmyndir sínar án kröfu um ákveðna útkomu
Skráningar	Að skoða með börnun- um það sem þau hafa fengist við í gegnum markviss ari skráning ar.	Að búa til flokka og hafa minnst eina skráningu úr hverjum flokki, s.s. sjálfshjálp, leikur, útivera os.frv.	Deildar- stjóri	Ágúst 2021	Júlí 2022	Samtöl starfsfólks reglulega yfir veturinn. Deila verkefnum (floknum) á starfsfólk svo allir hafi hlutverk	Skráningar sem fyrir liggja í lok tímabilsins



Vinaverkefnið „Bangsinn Blær“	Að kenna börnum vinsemd , virðingu og samkennd í gegnum leik	Starfsfólk tali reglulega saman, viku eða á hálfsmánaðarlega um hvernig gengur með verkefnið	Deildarstjóri	Sept 2021	Júlí 2022	Samtöl starfsfólks um verkefnið og endurmat	Að sjá börnin tileinka sér vinsemd og virðingu, ná í bangsann þegar þau þurfa á honum að halda og skilja hvað bangsinn stendur fyrir

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.



Innra mat Grábrókar.

Starfið á Grábrók gekk vel að flestu leyti í vetur þrátt fyrir covid. Það voru áskoranir vegna faraldursins og kannski þreyta í okkur vegna þess. Við fórum í færri ferðir út fyrir leikskólann en árin á undan og samskipti við foreldra voru minni en áður. Það er til dæmis söknuður eftir dögum þar sem var foreldrakaffi. Söknuður eftir því að geta boðið foreldrum inn á deild.

Við vorum vel mönnuð á deildinni. Samstaða var í starfsmannahópnum hvað varðar samskipti við börnin, með því að leiðbeina börnum og sýna þeim jákvæðan aga. Vel var tekið á móti börnum á morgnana og þau kvödd vel. Starfsfólk sýndi börnum og foreldrum virðingu og jákvæðni. Unnið var með félagsfærni meðal barnanna og stuðlað að sjálfsöryggi og sjálfshjálp. „Ég get!“ og „þú getur!“ var viðkvæði hjá okkur. Unnið var markvisst með Blæ bangsa.

Hópastarf þróaðist gegnum veturinn og tók starfsfólk þátt í því saman að þróa það. Málörvun til barna fór fram í gegnum bóklestur, samtal, spil, leik og fleira. Óskandi hefði verið að barn með annað tungumál en íslensku hefði fengið markvissari málörvun. Þó var unnið vel með barnið á deildinni og sýndi það heilmiklar framfarir í málþroska. Áætlað var að taka inn læsisþátt Menntastefnunnar þetta skólaár en það var ekki gert með markvissum hætti í leikskólanum.

Starfsfólk hefur verið ánægt með styttingu vinnuvikunnar og það að kaffitímar voru færðir að hádegis. Það skapar meiri ró á morgnana og hægt að vinna markvissar með hópastarf.

Markmið fyrir næsta skólaár, 2021 - 2022

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun	Innleiðing á læsisþættinum í menntastefnunni. Vinna sérstaklega með tvítyngdu börnin.	1) Lestur í smærri hópum 2) Markviss vinna með söngtexta. 3) Gott aðgengi að bókum til að skoða. 4) Fjölbreytt ritmál í umhverfinu.	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar.	sept	maí	Deildarstjóri hefur umsjón með að útdeila verkefnum til starfsfólks, efni til málörvunar, lesturs og söngva. Metið á deildarfundum.	Börnin sýna framför í orðaforða, skilningi og tjáningu. Þau sýna áhuga á söngvum, sögum og ritmáli. Tvítyngdu börnin sýna framfarir í orðaforða, skilningi og tjáningu.



Félags- færni	Halda áfram með að hjálpa börnum í samskiptum og vinna með <i>Vináttuverkefni Barnaheilla – Blæ</i> . Starfsfólk hefur verið samstíga í því að vinna með hegðun og leiðbeina í samskiptum milli barna. Við höldum því áfram. Einnig að vinna áfram með sjálfsöryggi barna og sjálfstæði þeirra.	1) Unnið með félagsfærni í öllum aðstæðum. 2) Umræður á hverjum deildarfundi. Þannig að starfsfólk stilli saman strengi sína og lögð sé áhersla á góð samskipti fullorðinna við börn. 3) Unnið með Blæ bangsa í minni hópum. 4) Fá börnin til að átta sig á eigin styrkleikum og gefa þeim tækifæri til að efla getu sína, með hvatningu og ýta undir þrautseigju.	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar.	sept	maí	Metið og rætt á deildarfundum.	Börnin læra að eiga árangursrík og jákvæð samskipti. Starfsfólk gefur börnum skýr skilaboð, setur þeim heilbrigð mörk og leiðbeinir þeim í samskiptum. Börn sýna það að þau meðtaki efnið sem unnið er með í Blæ bangsa. Börnin sýna merki um öryggi, sjálfsöryggi og traust á eigin getu. Þau þora að takast á við áskoranir, sýna þrautseigju við verkefni.
Þykjustu- leikur	Veturinn 2020 – 2021 tókst ekki að efla þykjustuleikinn neitt að ráði. Það vantaði tilfinnanlega efnivið til skapandi þykjustuleiks. Hér þarf að efla skilning starfsmannahópsins í heild á hlutverki	1) Nota deildarfundi til fræðslu um mikilvægi þykjustuleiks í þroska barna. Kenna starfsfólki á deildinni hvernig það getur ýtt undir þykjustuleik. 2) Kaupa fjölbreyttan efnivið fyrir þykjustuleik. 3) Gefa börnum tækifæri til að þróa leik sinn með	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar.	sept	maí	Rætt og endurmetið á deildarfundum.	Starfsfólk lærir að skoða samskipti barna í þykjustuleik og fylgjast og greina hvaða börn þurfa meiri aðstoð við að komast inn í leik. Öll börn hafa tækifæri til að efla félagsfærni sína í gegnum leik. Samskipti og leikur þróast í gegnum hlutverk í leiknum,



	þykjustuleiks í þroska barna.	skapandi efnivið sem hefur tengsl við daglegt líf fólks, s.s. heimildót, búðardót, skrifstofu eða annað slíkt					börnin mynda sínar eigin leikreglur í samstarfi hvert við annað.
Hópastarf	Hópastarf verði þróað í samvinnu starfsfólks á deildinni. Nú þegar leiðbeinendur eiga undirbúning geta starfsmenn undirbúið hópastarf.	Skipuleggja hópastarf t.d. út frá hreyfiþroska, félagsfærni og málþroska. Starfsfólk fái að nýta styrkleika sína. Starfsfólk fái að vinna saman með hóp, til að styrkja hvert annað.	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar.	sept	maí	Metið og rætt á deildarfundum, áherslur fyrst ákveðnar í haust og síðan metið stöðugt hvort breyta þurfi eða halda áfram á sömu braut.	Starfsfólk tekur virkan þátt í að undirbúa hópastarf og framfylgir áætlun um hvað skuli unnið með. Starfsfólk lærir að gera skráningar á hópastarfi, í formi texta og mynda.

Innra mat á Keili

Nýr deildarstjóri tók við á Keili í ágúst 2020. Starfið gekk vel í upphafi skólaárs sem og deildin var vel mönnuð. Deildarstjóri lagði áherslu á það góða skipulag sem hafði verið tekið í notkun ári áður. Mikil áhersla var lögð á að efla málþroska barnanna í gegnum leik og unnið var markvisst með málörvun og sýnilegt ritmál, ásamt söngstundum og sögustundum. Þó má alltaf gera betur. Ekki var unnið nógu markvisst með *Vináttuverkefni Barnaheilla* og því ljóst að tækifæri eru til að bæta úr því. Þar sem deildin er nú ungbarnadeild er ljóst að matsþættir síðasta árs eiga einnig við fyrir næsta skólaár því í haust kemur nýr barnahópur og teljum við að þessir matsþættir henti börnum á þessum aldri mjög vel. Innra mat Keilis



Umbætur/ma tsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferði r?	Viðmið um árangur
Málörvun	Að allt námsumhverfi barnanna styðji við máltöku og málþroska þeirra.	Markviss kennsla í gegnum daglegt starf deildarinnar í litlum hópum.	Deildarstjóri	September 2020	Júní 2021	Rýnivinna starfsmanna deildarinnar fer fram á deildarfundum.	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Málörvun	Halda áfram að leggja áherslu á söng í samverustundum og nálgast málörvun í gegnum hann.	Leggja meiri áherslu á íslensk lög.	Allir starfsmenn deildar taka þátt og bera ábyrgð.	September 2020	Júlí 2021	Endurmetið í hverjum mánuði og nýjum lögum bætt við.	Með því að leggja áherslu á íslensk lög í söngstundum bættu börnin orðaforða og náðu enn betri tökum á íslensku tungumáli.
Læsi	Að gera sögustundum inná deild hærra undir höfuð.	Að vera með sögustundir á hverjum degi fyrir litla hópa hverju sinni	Allir starfsmenn deildar bera ábyrgð á að því sé fylgt og allir taka þátt í framkvæmd.	September 2020	Maí 2021	Endurmetið á deildarfundum mánaðarlega.	Með því að leggja áherslu á sögustundir í litlum hópum náðu börnin betri tökum á þeirri hæfni að sitja kyrr og einbeita



							sér að því að hlusta.
Læsi	Að gera ritmál sýnilegra á deildinni.	Merkja leikhólf með nafni. einnig allt sem fer uppá vegg verði merkt með ritmáli. t.d. dýr eða tölur	Deildarstjóri	September 2020	Október 2020	Endurmet á vorönn hvort bæta þurfi aðgengi ritmáls.	Með því að merkja leikhólf með nafni og einnig allt sem fór uppá vegg urðu börnin meðvitaðri um ritmál og hafði það jákvæð áhrif á læsi barnanna.

Umbótaáætlun Keili 2021-2022

Umbætur/ma tspáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferði r?	Viðmið um árangur
Málörvun	Að allt námsumhverfi barnanna styðji við máltöku og málþroska þeirra.	Markviss kennsla í gegnum daglegt starf deildarinnar í litlum hópum.	Deildarstjóri	September 2021	Júní 2022	Rýnivinna starfsmanna deildarinnar fer fram á deildarfundum.	Að börnin náí tókum á íslensku tungumáli, bæði með málskilningi og bæti við sig orðaforða.



Málörvun	Halda áfram að leggja áherslu á söng í samverustundum og nálgast málörvun í gegnum hann.	Leggja meiri áherslu á íslensk lög.	Allir starfsmenn deildar taka þátt og bera ábyrgð.	September 2021	Júlí 2022	Endurmetið í hverjum mánuði og nýjum lögum bætt við.	Að börnin nái tókum á íslensku tungumáli í gegnum söng og bæti orðaforða.
Læsi	Að gera sögustundum inná deild hærra undir höfuð.	Að vera með sögustundir á hverjum degi fyrir litla hópa hverju sinni	Allir starfsmenn deildar bera ábyrgð á að því sé fylgt og allir taka þátt í framkvæmd.	September 2021	Maí 2022	Endurmetið á deildarfundum mánaðarlega.	Að venja börnin við að sitja kyrr og einbeita sér að því að hlusta og taka eftir.
Læsi	Að gera ritmál sýnilegra á deildinni.	Merkja leikhólf með nafni. einnig allt sem fer uppá vegg verði merkt með ritmáli. t.d. dýr eða tölur	Deildarstjóri	September 2021	Október 2022	Endurmet á vorönn hvort bæta þurfi aðgengi ritmáls.	Gera börnin meðvituð um ritmál



Askja 2020 - 2021

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig gerum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvernig á að meta? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Niðurstöður metnar - náðust markmið?
Starfsumhverfi deildarinnar gera það betra bæði fyrir nemendur og starfsfólk	Bæta námsumhverfi gera umhverfið hlýlegri og námshvetjandi Skerpa á þrif skipulagi	Skipt um glugga og lagað sprungur á húsi, skipta um ónýtan ofn í stofu 2. Vera með fast þrif skema fyrir deildina Hvetja til þess að betur sé þrifið af rekstraraðilum!!!!	Haust 20-21	Deildastjóri/ Leikskólastjóri / SFS	Starfsfólk deildarinnar , nota myndir fyrir og eftir	Vor 2020: Markmið tókst að nokkru. Ekki hefur enn verið farið í gluggann sem lekur né hefur verið farið í sprunguviðgerðir á húsinu. Þrátt fyrir athugasemdir um að deildinn sé illa þriffin hefur ekkert verið gert til að bæta þau .
Nýta betur möguleika deildar /útisvæðis	Skipta svæðum upp með milli veggjum /skápum Hafa útiveru í vali Nýta Kröflu þegar þau eru í Valsheimilinu Nota allt rýmið sem við höfum	Á miðvikudögum og fimmtudögum er deildin með dalinn Á mánudagur er hluti deildarinnar Á kröflu þegar þau eru ekki heima Svo það er aðeins hluti deildarinnar inni samtímis þessa daga	Sept 20-21	Deildastjóri	Í lok skólaárs munum starfsmenn skoða hvernig þeim fannst þessi skipting	Hefur gengið mjög vel að skipta upp svæðum en hljóðvist á deildinni er mjög slæm þrátt fyrir það
starfsfólk nýti betur daglegar athafnir til náms og samskipta að starfsfólk taki virkan þátt í leik barna og myndi tengsl í gegnum leik	Starfsmenn séu styðjandi í leik Starfsmenn fari inn í leik á forsendum barnanna	Starfsfólk hvatt til þess að nota hvert tækifæri til að eiga í jákvæðum samskiptum við börnin	Sept 20-21/ vor 2020	Deildastjóri	Hver starfsmaður gerir Samskiptar mat og teygjur gefðu tíu einu sinni í febrúar og einu sinni í maí 2019	Starfsfólki fannst þetta skila árangri og það sást á samskiptarmatinu sem gert var reglulega



	Starfsmenn nýti aðstæður til málörvunar	Starfsmenn komi inn í leik barnanna á þeirra forsendum				
Félagsfærni : Vinna sérstaklega með félagsfærni taka inn verkefnið með Blæ bangsa Nota hrósið í samverustundum Allir hrósa Skipta hópnum oft upp svo allir leiki með öllum Vera með markvissar Blæ stundir	Efla félagsfærni og tilfinningaþroska barnanna Börnín séu hvött til að sýna væntum þykkju Unnið markvisst með að auka sjálfstraust i	Starfsmenn kynni og vinni með Blæ eftir námskeiðið Vinni með hrós Vinni með vináttu, vellíðan og virðingu	20-21	Deildastjóri	Mat starfsmanna á starfsdegi í júní og mat barna í lok skólaárs.	Einn starfsmaður bar ábyrgð á Blæstundum og gekk það mjög vel
Marvissari vinna með læsi í starfi deildarinnar	Efla læsi	ritmál sýnilegt allir kassar merktir Stafróf á vegg og nöfn barnanna skráningar t.d, Þjónar, veðurfræðingur og bókasafnsfræðingur í hæð barnanna gott aðgengi að bókum . Lesið á hverjum degi og ritmál haft sýnilegt. Frjálst aðgengi að pappír, blýöntum og pennum , markvissa málörfun í hópastarfi, samveru með söng , þulum, rími og lestri.	20-21	Deildastjóri	Mat á hópastarfi Skráning á þeim bókum sem lesnar eru Ljósmyndir af ritmáli deildarinnar	Vinna samkvæmt læsisstefnu Reykjavíkur Hafa ritmál sýnilegt, Efla Málþroska og hljóðkerfisvitund Horfa á læsi í víðum skilning t.d. félagslæsi, og umhverfislæsi. Gengið mjög vel mikill áhugi á bókum og ritmáli bæði stöfum og tölustofum
Markviss skráning	Hefur verið gerð í formi mynda og myndbanda sem sett eru t.d. á Instagram og eins deilt til foreldra Foreldrar og börn geta skoðað þessa skráningu heima	Hefur verið gert sjá Ferilsmöppur og lokaðan Instagram síðu	20-21	Deildastjóri	Sjá ferilsmöppu	Gekk mjög vel



	Bæta í varðandi markvissa skráningu og ferlimöppur					
Hvöld eftir matartíma	Hvöldinn var mjög erfið hjá okkur og var tekinn ákvörðun um að sleppa henni	Róleg stund tekinn eftir mat við hvert borð t.d. að lita og síðan beint út	Jan21	Deildastjóri	Skriflegt mat barna og starfsfólks	Hentaði þessum orkumikla hóp mjög vel og allir mjög ánægðir

4 Mat á sérkennslu í leikskólanum Hlíð í Rvk. veturinn 2020-2021

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Sérkennslan fór að mestu leyti fram inni á deildum. Á öllum deildum var lögð áhersla á að allt starfsfólk deildarinnar væri vel meðvitað um hvaða þarfir börnin hefðu þannig að allir gætu sinnt þeim. Flest börnin höfðu svo einn starfsmann sem sinnti þeim meira en aðrir. Sá starfsmaður sá þá t.d. um málörvun og spil í litlum hópum eða félagsfærniþjálfun. Skráning var oftast á þann hátt að annað hvort voru skrifaðar dagnótur um hvernig gekk yfir daginn eða að skráð var niður hvernig gekk í vinnustundum. Einnig vorum við með ítarlegri skráningu fyrir barn sem var í atferlisíhlutun.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	EFI, Hljóm-2, Smábarnalistinn, Íslenski þroskalistinn, Íslenski málhljóðamælinn, Orðaskil, AEPS. Við leggjum einnig mikið upp úr því að skrifa ítarlegar fundargerðir því þær eru í sjálfu sér matsgögn á því hvernig gengur hjá barninu og til að meta hvort framfarir hafi orðið.



Hvaða námsefni var notað? Voru t.d. notuð aðkeypt námsgögn?	Ýmis spil, bækur, forrit í iPad. Við keyptum töluvert af námsgögnum þetta árið.
---	---

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Ráðgjöf sérkennslu- Stjóra	Að sérkennslu- stjóri verði með ákveðna tíma í hverri viku til ráðgjafar fyrir deildir.	Útbúa skipulag fyrir veturinn 2021-2022 þar sem fram kemur hvenær sérkennslu- Stjóri hittir hverja deild.	Sérkennslu- stjóri	Okt. 21	Jan 22	Á deildarstjóra- fundi	Að deildar- stjórar og sér- Kennslu- stjóri verði sáttir
Málörvun á deildum	Að til verði skipulagðar málörvunar- stundir sem allir starfsmenn á deildum hafi aðgengi að.	Útbúa leiðbeiningar um skipulagðar málörvunar- stundir. Þar kemur fram hvað á að gera og hvaða námsgögn er hægt að nota ásamt því hvernig á	Sérk.stj. og deildar- Stjórar.	Okt 21	Jan 22	Á deildar og deildarstjóra- fundum	Að starfs- Menn Á deildum verði öruggari í málörvun og að börnin nái árangri.



		að skrá árangur.					
--	--	---------------------	--	--	--	--	--

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
-----------------------------	---------------------------	---------------------------	--------	-------	-------	----------------------------	-------------------------



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fara fram í feb. til maí á skrifstofu leikskólastjóra.

Fræðsla fyrir starfsmenn var að mestu leiti rafræn (myndbönd)

- um einelti: Vanda Sigurgeirsdóttir
 - Hlúum að andlegri vellíðan á óvissutímum: Ingrid Khulman
 - frá landlæknisembættinu: Heilsueflandi leikskóli
 - svo tóku allir þátt í 10.maí: Menntastefnumót
 - Fengum fyrirlestur um fæðuofnæmi og fæðuóþol
 - fyrirlestur um skýr og óskýr skilaboð
- Svo eru starfsmenn alltaf hvattir til að sækja sér fræðslu

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Elstu börnin í leikskólanum fara í heimsókn í Hlíðaskóla í febrúar og fá að koma inn í kennslustund. Í apríl er þeim boðið á leiksýninguna Rauðhetta og úlfurinn sem fyrsti bekkur setur á svið ár hvert. Síðan er hin hefðbundna heimsókn með foreldrum í vorskóla.

Frístundamiðstöðin Eldflaugin bíður svo í heimsókn að vori.

8 Foreldrasamvinna

- Kosning í foreldraráð á fund í byrjun skólaárs/okt. , ekki farið fram v.covid
- Foreldrafundir haldnir í byrjun október á hverri deild fyrir sig kl. 8:30-9:30. Á þeim er farið yfir skipulag deildar, hagnýtar upplýsingar og áherslur á komandi vetri.
- Formleg foreldraviðtöl eru tvisvar á ári, í nóvember og mars. Deildarstjórar taka foreldraviðtöl en sérkennslustjóri situr líka viðtöl ef tilefni þykir til. Komið er til móts við foreldra með því að



hafa viðtöl systkina á sama degi. Fenginn er túlkur ef foreldrar tala ekki íslensku. Vegna óviðráðanlegra ytri aðstæðna þá var seinna viðtalið fært fram í júní.

- Kosið er í stjórn foreldrafélagsins á fundi sem félagið boðar til að hausti. 5-7 fulltrúar eru kosnir. Þeir koma saman eftir þörfum og eru einnig í tölvupóstssamskiptum. Foreldrafélagið sér um ákveðnar hefðir í leikskólanum s.s. jólaball og leiksýningu í desember, sveitaferð, sumarhátíð sem haldin var í garðinum í Eskihiðinni. Öskjuhlíðardag þar sem farið er í ratleik, hist á Klambratúni á veturna o.fl. Einnig hefur foreldrafélagið tekið þátt í kostnaði við útskriftarferð elstu barnanna. Á aðalfundi hefur félagið boðið upp á fyrirlestur fyrir foreldra.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaárið 2021-2022.

Sameiginlegir með Hlíðaskóla: 12.nóvember 2021, 7.febrúar 2022, 7.júní 2022.

Aðrir dagar: 24.september 2021, 14.janúar 2022, 13.maí 2022.

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans



Starfsáætlun 2021 – 2022

Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX

XXXXX XXXXXXXX

XXXXX XXXXXXXX

Um starfsáætlanir leikskóla



Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:



- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:





ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ									
1	S		1	M		1	F		1	M	Fullveldisdagurinn	1	L	Nýársdagur	1	Þ		1	Þ	Sprengidagur	1	F	Foreldraviðtöl	1	S	Verkalýðsdagurinn	1	M	
2	M	Frídagur verslunarmanna	2	F		2	L		2	Þ	Foreldraviðtöl	2	F		2	S		2	M	Öskudagur	2	L		2	M		2	F	
3	Þ		3	F		3	S		3	M	Foreldraviðtöl	3	F		3	M		3	F		3	S		3	Þ		3	F	
4	M		4	L		4	M	Foreldrafundur	4	F	Foreldraviðtöl	4	L		4	Þ		4	F	Gulur dagur	4	F		4	M		4	M	
5	F		5	S		5	Þ	Foreldrafundur	5	F	Foreldraviðtöl	5	S		5	M		5	L		5	L		5	Þ	Barnamenningarhátíð	5	F	Hvítasunnudagur
6	F		6	M		6	M	Foreldrafundur	6	L		6	M		6	F	Þrettándinn	6	S	Dagur leikskólans	6	S		6	M	Barnamenningarhátíð	6	F	Annar í Hvítasunnu
7	L		7	Þ		7	F	Foreldrafundur	7	S		7	Þ		7	F	Ljósadagur	7	M	Skipulagsdagur	7	M		7	F	Barnamenningarhátíð	7	L	Skipulagsdagur
8	S		8	M	Dagur læsis	8	F	Foreldrafundur	8	M	Foreldraviðtöl/Dagur gegn ef	8	M		8	L		8	Þ		8	Þ		8	F	Barnamenningarhátíð	8	S	Mæðradagurinn
9	M		9	F		9	L		9	Þ	Foreldraviðtöl	9	F		9	S		9	M		9	M		9	L	Barnamenningarhátíð	9	M	Íþróttadagur
10	Þ		10	F		10	S		10	M	Foreldraviðtöl	10	F		10	M		10	F		10	F		10	S	Barnamenningarhátíð Pálmásunnudagur	10	Þ	
11	M		11	L		11	M		11	F	Foreldraviðtöl	11	L		11	Þ		11	F	Dagur íslenska táknmálsins	11	F		11	M		11	M	
12	F		12	S		12	Þ		12	F	Skipulagsdagur	12	S		12	M		12	L		12	L		12	Þ		12	F	Sjómannadagurinn
13	F	OPNAÐ EFTIR SUMARFRÍ	13	M		13	M		13	L		13	M		13	F		13	S		13	S		13	M	Grænn dagur	13	F	Skipulagsdagur
14	L		14	Þ		14	F		14	S		14	Þ		14	F	Skipulagsdagur	14	M		14	M		14	F	Skírdagur	14	L	
15	S		15	M		15	F	Bleikur dagur	15	M	Foreldraviðtöl	15	M		15	L		15	Þ		15	Þ	Stóri innritunardagurinn	15	F	Föstudagurinn langi	15	S	
16	M		16	F	Dagur íslenskrar náttúru	16	L		16	Þ	Foreldraviðtöl/Dagur ísl. tur	16	F		16	S		16	M		16	M	Foreldraviðtöl	16	L		16	M	
17	Þ		17	F		17	S		17	M	Foreldraviðtöl	17	F	Rauður dagur	17	M		17	F		17	F	Foreldraviðtöl	17	S	Páskadagur	17	Þ	Lýðveldisdagurinn
18	M		18	L		18	M		18	F	Foreldraviðtöl	18	L		18	Þ		18	F	Konukaffi	18	F	Foreldraviðtöl	18	M	Annar í páskum	18	M	
19	F		19	S		19	Þ		19	F	Foreldraviðtöl	19	S		19	M		19	L		19	L		19	Þ		19	F	
20	F		20	M		20	M		20	L		20	M		20	F		20	S	Konudagur	20	S		20	M		20	F	
21	L		21	Þ		21	F		21	S		21	Þ	Bóndadagur/Karlakaffi	21	M		21	M		21	M	Foreldraviðtöl	21	F	Sumardagurinn fyrsti	21	L	
22	S		22	M		22	F		22	M		22	M		22	L		22	Þ		22	Þ	Foreldraviðtöl	22	F		22	S	
23	M		23	F		23	L	Fyrsti vetrardagur	23	Þ		23	F	Þorláksmessa	23	S		23	M		23	M	Foreldraviðtöl	23	L		23	M	Sjóráeningjadagur
24	Þ		24	F	Skipulagsdagur	24	S		24	M		24	F	Aðfangadagur jóla	24	M		24	F		24	F	Foreldraviðtöl	24	S		24	Þ	
25	M		25	L		25	M		25	F		25	L	Jóladagur	25	Þ		25	F		25	F	Foreldraviðtöl	25	M		25	M	
26	F		26	S	Evrópski tungumáladagurinn	26	Þ		26	F		26	S	Annar í jólum	26	M		26	L		26	L		26	Þ		26	F	Uppstigningardagur
27	F		27	M		27	M	Bangsadagur	27	L		27	M		27	F		27	S		27	S		27	M		27	F	
28	L		28	Þ		28	F		28	S		28	Þ		28	F		28	M	Bolludagur	28	M	Foreldraviðtöl	28	F		28	L	
29	S		29	M		29	F		29	M		29	M		29	L					29	Þ	Foreldraviðtöl	29	F		29	S	
30	M		30	F		30	L		30	Þ		30	F		30	S					30	M	Foreldraviðtöl	30	L		30	M	
31	Þ				31	S			31	F	Gamlársdagur	31	M								31	F	Foreldraviðtöl				31	Þ	

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfelt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.